

Verzlun
Sig. Sigurðssonar
Siglufirði.

Fram

Skrautprentuð
Heillaóska-brjefsefni
mjög falleg, eru ný-
komin til
Friðb. Nielssonar.

III. ár.

Siglufirði 5. apríl 1919.

14. blað.

Eins og tilkynnt var í síðasta tölu-
blaði »Fram« létu þeir af ritstjórn
herra Friðbjörn Nielsson og herra
Hannes Jónasson.

Eg þakka þeim fyrir hlýjar óskir
um framtíð blaðsins í mínum hönd-
um. Eg þakka þeim einnig fyrir það
starf, sem þeir hafa unnið, til þess
að víkja af höndum þeim erfiðleik-
um, sem lágu fyrir þegar blaðið
hóf göngu sína.

Hlutafélagið, sem ræður útgáfu
»Fram«, ræður einnig því að þetta
blað sé ekki flokksblað — politískt
flokksblað.

Nú stendur svo einkennilega á í
þessu landi, er eg nú tek við rit-
stjórn »Fram« að engir »flokkar«
eru til í landinu. Áður hefur stjórn-
málabarátta vor við Dani ráðið flokka-
skiftingu. Nú er þessari deilu lokið.
Allir menn og konur í landinu eru
nú í sátt hvert við annað um und-
angengnar deilur.

Nú myndast nýir flokkar utan um
þau mál, sem snerta hag og heill
okkar inn á við, í sambandi hvert
við annað. Hver og einn leggur
fram sitt besta í þeirri baráttu.

Eg þykist ekki brjóta í bág við
samning minn við hlutafélagið, þótt
eg lýsi því yfir, að eg vil taka þátt
— eftir því sem geta mín stendur
til — í umræðu allra þeirra mála,
sem nú koma á dagskrá íslensku
þjóðarinnar um hennar heill og þróun.

Eg lýsi því yfir, að eg vil vera
stúdningsmaður alls þess er miðar
til frjálsræðis í orðum og verkum.
Eg vil ekki binda hendur einstak-
lingsins, svo að hann geti ekki unn-
ið dagsverk eða lífsstarf sitt sem
best og fegurst, og eg vil ekki binda
hendur einstaklingsins svo að hann
sé ekki í öllu frjáls í sínu dagfari,
sem sjálfsagt er hverjum manni í
mentuðu landi.

Eg vona að kaupendur Fram stíðji
mig til þessa starfs, og læt eg fyrir
fram þökk mína í ljós fyrir hverja
góða fregn og hverja góða hugmynd,
er þeir vildu láta blaðið verða að-
njótanda.

Virðingarfyllt.

Sophus A. Blöndal.

Hafnarvirkin á Siglufirði.

Eins og getið var um hér í blað-
inu fyrir skemstu, var á síðastliðnu
sumri herra verkfræðingur Jón Por-
láksson fenginn hingað til þess að
athuga og mæla þá grunna hafnar-
innar sem keyptir höfðu verið af
Söbstad með það fyrir augum að
koma upp hafnarvirkjum hér á Siglu-
firði. Var honum og falið að gera
uppdretti og kostnaðaráætlun yfir
byggingu slíkra virkja.

Með fengnu leyfi formanns hafn-
arnefndar, og oddvita hreppsnefndar,
kemur nú hér fyrir almenningssjón-
ir útdráttur úr lýsingu herra Jóns
Porlákssonar á fyrirhuguðum hafn-
arvirkjum, og álit hans á þörf þeirra.
Verkfræðingnum farast þannig orð:

1. Þörfin á hafnarvirkjum.

Siglufjardarkauptún, sem fær kaup-
staðarrjettindi frá 20. maí 1919 að
telja, hefur nú um 1000 íbúa, og
fer íbúatalan hraðvaxandi. Í Hvann-
eyrarhreppi voru:

Árið 1890	319 manns.
— 1900	408 —
— 1910	666 —
— 1917	1114 —

þar af 240 utan kauptúnsins (sjá
Aldarminning sr. B. P., bls. 5.)

Aðalatvinnuvegir kauptúnsins eru
sildveiðar, aðrar fiskiveiðar og verzlun.
Proskva atvinnuveganna má að
nokkru marka af Verzlunarskýrslun-
um. Árið 1914 telja skýrslurnar:

	Siglufjörður.	Alt landið.
Aðfl. vörur kr.	489,800	18,111,400
Útfl. vörur kr.	2,620,200	20,830,500
Útfl. sild söltuð, tonn	12,682	23,576
Útfl. fiskur tonn	138	21,261
Útfl. lýsi tonn	757	3006

Árið 1915 telja skýrslurnar:

	Siglufjörður.	Alt landið.
Aðfl. vörur kr.	907,900	26,260,100
Útfl. vörur kr.	6,642,800	39,633,200

Bæði þessi ár er Siglufjörður nr.
3 af öllum kaupstöðum og verzlun-
arstöðum landsins að því er snertir
samanlagt verð aðfluttrar og út-
fluttrar vöru, einungis Reykjavík og
Akureyri eru hærri.

Eins og tölurnar frá 1914 sýna,
og kunnugt er, er sildveiðin aðal-
atvinnuvegurinn, og í sambandi við
hann er talsverð verzlun, sökum
mannfjölda þess, er að safnast um
sildveiðitímamann. Aðrar fiskiveiðar eru
aptur á móti tiltölulega litlar ennþá,
þrátt fyrir hagkvæma legu staðarins

til þeirrar atvinnu. En skilyrði fyrir
iðnaði í sambandi við sildveiðarnar
eru tiltölulega góð, enda er þegar
byrjað á að vinna sildarlýsi þar á
staðnum, og sennilegt að þrífist
gæti iðnaður, sem fengist við að
vinna úr lýsinu þau efni, sem það
er notað í.

Hafnarvirkjum á Siglufirði er enn
sem komið er svo háttáð, að einstakir
menn og atvinnufelög eiga mikið
af bryggjum, sem notaðar eru um
sildveiðitímamann. Yfirleitt hefur al-
menningur lítinn eða engan aðgang
að þessum bryggjum, því að þær
ganga út frá lóðum (leigulöndum)
bryggjueigandanna. Flestar eru þær
íremur veigalittlar, margar svo, að
vöruflutningaskipum verður ekki lagt
að þeim fyrir veikleika sakir. Auk
þess er dýpi við þær flestar svo
lítið, að stærri flutningaskipin kenna
grunnns við þær um fjöru. Og loks
eru þessar bryggjur einstakra manna
og sildveiðifjelaga venjulega teptar
af notkun eigandanna sjálfra þann
tíma ársins sem langmest þörfin er
fyrir skipagöngur, sem sje um sild-
veiðitímamann. Af þessu leiðir, að það
er ekki venja að afgreiða þau skip
við bryggjur á Siglufirði, sem sigla
hjer við land eptir föstum ferðaáæt-
unum. Ennfremur er þess að geta
um bryggjur þær, sem ganga norð-
ur og austur af eyrinni að þær bila
einatt eða brotna alveg í norðan-
verðum, vegna þess að þær eru
of veikbygðar til að þola norðan-
sjóinn við eyrina.

Nálega öll sú strandlengja í Siglu-
fjardarkauptúni og við það, sem unt
er að byggja sildveiðibryggjur út
frá, eru nú komin á leigu til ein-
stakra manna og fjelaga, og tekin
til notkunar af þeim. Geta því ekki
aðrir rekið sildveiðar þaðan eins og
nú er ástatt en þessir strandlóða-
leigjendur, eða aðrir, sem fá brygg-
jur þeirra og lóðir á leigu. Sömu-
leidis er öðrum en þeim mjög óhægt
um að reka þaðan aðrar fiskiveiðar.

Það er því mjög mikil þörf á hafn-
arvirkjum á Siglufirði, sem almenn-
ingi sje frjálst að nota gegn hæfi-
legri borgun, bæði til vöruafgreiðslu,
til að stunda þaðan fiskiveiðar og
til að stunda þaðan sildveiðar. Vegna
skorts á hafnarvirkjum og þar af
leiðandi slæmrar afgreiðslu eru vöru-
flutningaskipin nú mjög treg til við-
komu á Siglufirði, þrátt fyrir það
þótt hafnarstaðurinn liggi nær skipa-
leiðinni en aðrar hafnir við firðina
á Norðurlandi.

Nú hefur hafnarsjóður Siglufjarð-
ar keypt rjettinn til leigulands við
sjóinn á norðausturhorni eyrarinnar,
og á kost á landi áföstu við það
þar fyrir ofan, sem hefur ekki ver-
ið látið á leigu ennþá; er tilætlunin
að nota land þetta að grundvelli
fyrir hafnarvirki, sem eiga að full-
nægja ætlunarverkum þeim, er hjer
segir:

- Þau eiga að veita skipaleg-
unni og bryggjum austur af
eyrinni skjól gegn norðansjó.
- Þar eiga að vera bryggjur
eða skipabakkar fyrir alt að 3
flutningaskip, ekki minni en þau,
sem nú eru í siglingum milli
Íslands og útlanda.
- Þar eiga að vera bryggjur
fyrir nokkur sildveiðiskip.
- Pláss þarf að vera á landi
til hagnýtingar við sildarvinnu,
til þess að leggja á tunnur, kol,
salt og aðrar nauðsynjar, og
undir afgreiðsluhús.

2. Yfirlit yfir tilhögun hafn- arvirkjanna.

Hugsað er til að fylla upp tjörn-
ina fyrir ofan malarkambinn á því
svæði, sem ætlast er til að hafnar-
stjórnin fái til umráða. Ennfremur
er gert ráð fyrir uppfyllingu út frá
öllum þeim kafla strandlínunnar, sem
nú er í umráðum hafnarstjórnarinnar,
út á 1,4 metra dýpri um lágfjöru,
og sjeu brúnir uppfyllingarinnar
varðar með grjóttfláa gegn sjáfará-
gangi. Út frá þessari uppfyllingu
ganga sunnantil þrjár bryggjur úr
trje, 45 metra, 40 metra og 35 metra
langar, ætlaðar sildveiðiskipum að-
allega. Frá uppfyllingunni norðan-
verðri gengur 38 metra breið tunga
út á 4,5 metra dýpi, og frá þeirri
tungu gengur 64 metra löng og 10
metra breið hafskipabryggja til suð-
austurs, en til austurs gengur 86
metra langur öldubróttur með skipa-
lagi fyrir 80 metra langt skip við
innri (syðri) hlið. Norðurhlið upp-
fyllingarinnar, tungunnar og öldu-
brótsins er gerð úr stóru grjóti, og
ofan á norðurjadrinum er 1,6 metra
hár sjóvarnargarður úr grjóti og
steypu.

Skal nú lýsa mannvirkjum þess-
um nokkru nánar hverju út af fyr-
ir sig.

Framh.